

bœnda
FERÐIR

FLJÓTASIGLING Á DOURO



11. – 19. ágúst 2025

Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir

Sumar 16
Portúgal | Spánn

Ferðalýsing

Stórglæsileg fljótasigling um sólglóandi **Douro dalinn** í **Portúgal** og að landamærum Spánar þar sem landslagið er fjölbreytt og náttúrufergurðin einstök. Ævintýrið byrjar í höfuðborg Portúgals, **Lissabon**, sem er með fallegri borgum Evrópu og sannkölluð paradís ferðalangsins. Við siglum frá **Porto**, einni af fegurstu borgum Íberíuskagans, og líðum áfram eftir ánni Duoro á fljótaskipinu **MS Miguel Torga**. Förum fram hjá sægrænum skógivöxnum hlíðum og njótum náttúrufergurðar en mitt í vínekrunum leynast litlar kapellur, klaustur og draumkenndir staðir þar sem tíminn virðist hafa staðið kyrr. Förum í skemmtilegar ferðir í landi m.a. til borgarperlunnar **Vila Real** við ána **Corgo** þar sem við skoðum höllina **Mateus** og upplifum eldheita flamengó danssýningu. Frá **Vega de Terrón** á Spáni verður ekið til **Salamanca** sem er ein af glæsilegustu borgum **Castille Leo** héraðsins. Siglum frá **Barca d'Alva** um sólskinssvæðið **Região do Vinho de Porto** þar sem hið fræga púrtvín er ræktað. Ljúfur er bærinn **Pinhão** og forna borgina **Lamego** sem var lofuð í fornum ritum sem ein fallegasta borg **Íberíuskagans**. Við kveðjum Porto eftir yndislega siglingu og fljúgum þaðan heim til Íslands.

9 dagar | 8 nætur

1 nótt Lissabon | 7 nætur sigling MS Miguel Torga



11. ágúst | Flug til Lissabon

Brottför frá Keflavík kl. 14:50. Mæting í Leifsstöð að minnsta kosti 2 klst. fyrir brottför. Lending í höfuðborginni Lissabon kl. 20:20 að staðartíma, þar sem við gistum fyrstu nóttina okkar.

12. ágúst | Lissabon, Porto & fljótasigling á Douro

Þennan dag byrjum við í rólegheitum inn í miðborg Lissabon og njótum þess að skoða okkur um á eigin vegum fram að hádegis. Þá kveðjum við höfuðborgina og tökum stefnuna á borgina Porto sem er með eftirsóttustu ferðamannaborgum landsins. Porto er önnur stærsta borg Portúgals næst á eftir Lissabon en hún er einkar áhugaverð og blómleg menningarborg við Douro ána. Þar bíður okkar fljótaskipið MS Miguel Torga. Á fljótaskipinu verður gíst í sjö nætur



í þægilegum, vel búnum káetum. Við verðum boðin velkomin í stuttri athöfn áður en kvöldverður hefst. Eftir kvöldverð verður boðið upp á útsýnisferð með rútu um Porto en frá ánni skín borgin eins og glitrandi perla og við upplifum þær glæstu byggingar sem prýða borgina í ljósadýrð kvöldsins. Skipið ligur við landfestar í Porto yfir nóttina.

13. ágúst | Skoðunarferð um Porto & sigling á Régua



Á þessum glæsilega degi verður farið í borgarferð um Porto. Borgin var valin menningarhöfuðborg Evrópu 2001 en elsti hluti borgarinnar er á UNESCO heimsminjaskrá. Við byrjum í litríka hverfinu Calis da Ribeira sem býður upp á daglegan markað og þar er margt að skoða. Til dæmis má nefna gömlu tollskrifstofubygginguna Alfândega, São Francisco kirkjuna sem er ein fallegasta bygging Porto borgar, Bolsa kauphöllina og dómkirkjutorgið með

Biskupahöllinni. Það er líka gaman að sjá flísalagninguna á São Bento lestarstöðinni og tignarlegu bronsstyttuna af syni borgarinnar, Henry the Navigator, sem var portúgalskur prins og landkönnuður. Fjórar brýr liggja yfir

Douro ána frá Porto til bæjarins Vila Nova de Gaia en sú áhrifamesta og glæsilegasta er bíla- og göngubrúin Dom Luis. Útlit hennar er eins og þverskurður af Eiffelturninum í París en það var einmitt lærisveinn Gustavs Eiffel, hönnuðar Eiffelturansins, sem hannaði brúna. Eftir þessa glæsilegu skoðunarferð heimsækjum við Azulejo verkstæðið sem er



frægt fyrir sínar fallegu Azulejo flísar sem við sjáum víða á ferð okkar um Portúgal. Þetta listform á sér langa og merkilega sögu frá tímum Máraanna á Íberíuskaganum. Flísarnar er málaðar með grasa, dýra og sögulegu myndefni og skreyttar í bláum og hvítum tónum. Nú bíður skipið eftir okkur með ljúffengan hádegisverð en meðan á honum stendur leysir skipið landfestar og við yfirgefum Atlantshafsströndina og stefnum í átt að Régua á sólglóandi Douro ánni. Á leiðinni er upplagt að fara upp á sólardekk og njóta þess að sigla fram hjá vín-, furu- og ólífuökum Douro dalsins. Á leið okkar verður farið inn í Carrapatelo skipatröppuna sem er 35 metra há, hæst sinnar tegundar í Evrópu. Um kvöldið leggjum við að landi við bæinn Régua.

14. ágúst | Mateus höllin, Vila Real, Pinhão & Vega de Terrón á Spáni



Þessi ljúfi dagur byrjar á ferð að Mateus höllinni en á einni hlið hennar er að finna merki Mateus Rosé, einu mest selda rósavíni heims. Þó að þetta sé ein göfugasta eignin í Portúgal þá er hrifandi garðurinn og hluti byggingarinnar opin fyrir gesti. Nú er haldið áfram að borgarperlunnar Vila Real við ána Corgo. Hér ætlum við að njóta þess að rölta um bæinn á eigin vegum þar sem glæstar byggingar blasa við, m.a. barokkráðhúsið, Igreja Nova kirkjan og gotneska Sé São

Domingos kirkjan en ekki má gleyma að smakka á Cristas de Galo, sætabrauði bæjarins, sem er í formi hanakambs. Endum þessa glæsilegu skoðunarferð á að aka til Régua, þar sem við heimsækjum Douro safnið, sem staðsett er á bökkum árinna. Það sameinar hefð og nútímann og veitir okkur innsýn í sögu Douro árinna og aðferðir við víngerð á þessu undurfallega svæði. Í millitíðinni hefur skipið okkar haldið áfram til bæjarins Pinhão þar sem hádegisverður bíður okkar. Við njótum náttúrufegurðar Douro dals upp á sólardekki og hrifandi náttúrufegurðin lætur ekki á sér standa. Á vorin eru gróskumiklar hlíðar við Douro ána skærgrænar, síðan breytist litur vínblaðsins yfir sumarið en uppskerutími vínrykjanna er í

september og október. Það er alltaf eitthvað nýtt að dáðst að á leið okkar og í miðjum víngröðunum eru leyndar kapellur og klaustur, hlykkjóttar götur sem eru ekki aðgengilegar bílum og draumkenndir pínulitlir staðir þar sem tíminn hefur staðið kyrr. Þetta er áhrifamikil og töfrandi sigling sem endar í Vega de Terrón á Spáni með eldheitri flamengó danssýningu. En eftir kvöldmat bíður okkar spænskt kvöld inni í setustofu.

15. ágúst | Salamanca & Barca d'Alva



Eftir góðan morgunverð verður ekið til Salamanca sem er ein af glæsilegustu borgum Castille Leo héraðsins en elsti hluti borgarinnar er á heimsminjaskrá UNESCO. Borgin, sem er við ána Rio Tormes, er ein helsta háskólaborg Spánar og háskólinn þar er með þeim elstu í Evrópu. Glæsilegar byggingar fegra borgina og sérlega skemmtilegt andrúmsloft leikur um okkur. Vert er að skoða elsta háskólann á Spáni, Casa de las Conchas sem er kenndur við

pílagrímaskeljarnar á framhlið skólans, Plaza Mayor sem er eitt fegursta torgið á Spáni, barokkkirkjuna La Clerecía, gömlu og nýju dómkirkjuna og rómversku brúna Puente Romano. Við höfum svo góðan tíma til að rölta um og njóta, líta í verslanir eða setjast á útikaffihús á torginu Plaza Mayor sem er mjög vinsælt af borgarbúum. Hér í Salamanca verður hádegisverður í boði skipsins á veitingastað í borginni.

16. ágúst | Ferradosa, vínsmökkun á sveitasetri í Rio Torto & bærinn Pinhão

Nú stefnum við í rólegheitum til baka í átt að Porto. Það er upplagt er að fá sér sæti upp á sólardekki og njóta þess að sigla um Região do Vinho de Porto, sólskinssvæðið þar sem hið fræga púrtvín er ræktað. Umhverfið er dásamlegt en portúgalska skáldið Herculano lýsti náttúrufegurðinni við Douro ána sem öflugri, hátíðlegri og djúpri. Meðan á hádegisverði stendur festir skipið landfestar í Ferradosa. Eftir hádegisförum við í leiðangur um frægt vínræktarsvæði, Rio



Torto, og komum við á fallegu sveitasetri í miðjum víngröðinum þar sem við munum fræðast um og smakka vín svæðisins. Því næst höldum við til Pinhão og þar gefst tími til að rölta um bæinn fyrir kvöldverð. Það er mjög áhugavert að heimsækja Pinhão lestarstöðina sem er þekkt fyrir málaðar keramikflísar (azulejos) sem norðurhluti Portúgals er frægur fyrir. Um kvöldið er hátíðarkvöldverður á skipinu sem lýkur með dansi og góðri stemningu.

17. ágúst | Lamego & siglum til Porto

Þessi ljúfi dagur byrjar með góðum morgunverði. Eftir það bíður rútan okkar en eftir stuttan akstur komum við til gömlu biskupsborgarinnar Lamego. Stolt borgarinnar er barokkkirkjan Nossa Senhora dos Remédios en að henni liggja um 700 þrep sem leiða okkur upp að tveggja turna kirkjunni. Hingað koma hundruð þúsunda pílagríma á hverju ári. Það er töfrandi að rölta um fornar götur borgarinnar sem var



lofuð í fornum ritum frá 2. öld sem ein fallegasta borg Íberíuskagans. Nú bíður hádegisverður okkar á skipinu og við njótum fegurðar Douro dalsins á leiðinni til Porto.

18. ágúst | Frjáls tími í bænum Porto & Guimarães



Um morguninn siglir lítið skip með okkur frá bryggjunni og að gamla bænum í Porto þar sem við höfum tíma til að skoða okkur um á eigin vegum áður en við snæðum hádegisverð um borð í MS Miguel Torga. Eftir hádegi verður farið í skoðunarferð um heillandi borgina Guimarães þar sem við skoðum m.a. háskólakirkjuna Nossa Senhora da Oliveira og mikilvægasta minnisvarða Guimarães borgar. Eftir kvöldverð er von á portúgölsku þjóðlagakvöldi í setustofunni á

skipinu.

19. ágúst | Kveðjustund & heimflug frá Porto

Nú er komið að kveðjustund eftir dásamlega daga á þessari stórglæsilegu siglingu um Douro dalinn. Eftir að hafa kvatt áhöfnina verður stefnan tekin inn í Porto þar sem gefinn verður frjáls tími til að skoða borgina betur og kanna umhverfið. Upplagt er að fá sér góðan kvöldverð inni í borginni áður en lagt verður af stað út á flugvöll. Brottför þaðan kl. 20:55 og landing í Keflavík kl. 23:55.



Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Um skipið MS Miguel Torga

Skipið var smíðað og vígt árið 2017. Hönnun þess fær innblástur frá frægum vínum Porto og byggingarlistar borgarinnar með vínráuðum lit, ljósum við og svörtu stáli sem minna á portvintunnur og Dom Luis brúna frægu. Á skipinu eru 66 káetur sem allar eru með sérbaðherbergi, sjónvarpi, öryggishólfi, loftræstingu og þráðlausri nettengingu. Frá veitingastaðnum eru stórir útsýnisgluggar sem gera þér kleift að njóta landslagsins. Á aðalþilfarinu er glæsilegur veitingastaður þar sem morgun-, hádegis- og kvöldverður er borinn fram og á miðjuþilfarinu er hugguleg setustofa og bar þar sem hin ýmsu skemmtiatriði fara fram. Á sólarþilfarinu eru sundlaug og sólbekkir. Fullt fæði er innifalið og einnig allir drykkir með mat og á barnum meðan á siglingu stendur (að undanskildum sérseðli).



Vinsamlegast athugið að dagskrá ferðarinnar getur raskast vegna breytinga á vatnsyfirborði siglingaleiða, bilunar í skipastigum eða annarra óvæntra aðstæðna.

Verð

539.900 kr. á mann í tvíbýli | Ekki er hægt að fá einbýli á aðal þilfari.

42.300 kr. aukagjald á mann fyrir káetu í tvíbýli á miðju þilfari | Ekki er hægt að fá einbýli á miðju þilfari.

51.000 kr. aukagjald á mann fyrir káetu í tvíbýli á efra þilfari | Ekki er hægt að fá einbýli á efra þilfari.

Innifalið

- ✓ Flug með Play og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði á hóteli í upphafi ferðar.
- ✓ Morgunverður á hóteli í Lissabon.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ 8 daga fljótasigling frá Porto um Douerodalinn til Porto með MS Miguel Torga.
- ✓ 7 nætur á MS Miguel Torga í rúmgóðum káetum með sturtu og salerni.
- ✓ Morgun-, hádegis- og kvöldverður á MS Miguel Torga.
- ✓ Allir drykkir með máltíðum á skipinu, vín, bjór, vatn og kaffi.
- ✓ Móttökudrykkur á skipinu og allir drykkir á bar.
- ✓ Hátíðarkvöldverður síðasta kvöldið á skipinu.
- ✓ Vínsmökkun með snarli.
- ✓ Aðgangseyrir í valdar kirkjur og kastala.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn.
- ✓ Hádegis- og kvöldverðir (fyrir utan það sem tekið er fram í innifalið).
- ✓ Einn kvöldverður í Lissabon.
- ✓ Þjóf fé til áhafnar á MS Miguel Torga u.þ.b. € 35 á mann.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

